

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 30. september 2009 í máli nr. E-5274/2009:

Banque et Caisse d'Épargne

BAWAG P.S.K. Bank

Bayerische Landesbank

Cathay United Banki

Commerzbank AG

Commerzbank International S.A.

DekaBank Deutsche Girozentrale

Dresdner Bank AG

DZ Bank AG Deutsche Zentral bank

Erste Europaische Pfandbrief- und K.bank

Eurohypo AG

HSH Nordbank AG

Hypo Alpe-Adria Bank

Landesbank Baden-Wüettemberg

Landesbank Baden-Württemberg

Landesbank Saar

National Bank of Egypt

Norddeutsche Landesbank

Oberbank AG

Raiffeisenlandesbank

Raiffeisenlandesbank

Raiffeisenverband Salzburg

Raiffeisen Zentralbank

Salzburger Landes-Hypothekenbank

Sparebanken Öst

Sumitomo Mitsui Banking

Zürcher Kantonalbank

(Baldvin Björn Haraldsson hdl.)

gegn

Fjármálaeftirlitinu

(Jóhannes Karl Sveinsson hrl.)

íslenska ríkinu

(Einar K. Hallvarðsson hrl.)

SPRON

(Hlynur Halldórsson hdl.)

Mál þetta, sem var tekið til úrskurðar 23. september sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Banque et Caisse d'Epargne de l'Etat Luxembourg, 16, rue Ste Zithe L-2954 Lúxemborg; BAWAG P.S.K. Bank für Arbeit und Wirtschaft und Österreichische Postsparkasse Aktiengesellschaft, Georg Coch Platz 2, 1018 Vín, Austurríki; Bayerische Landesbank, Brienner Straße 18, 80333 München, Þýskalandi; Cathay United Bank 1F., No.7, Songren Rd. Taipei, Taívan; Commerzbank AG, Kaiserplatz D-60311. Frankfurt, Þýskalandi; Commerzbank International S.A., 25, rue Edward Steichen L-2540, Lúxemborg; DekaBank Deutsche Girozentrale Luxembourg S.A., 38, avenue John F. Kennedy, 1855 Lúxemborg; Dresdner Bank AG, Niederlassung Luxembourg 6A, route de Trèves, L-2633 Senningerberg, Lúxemborg; DZ Bank AG Deutsche Zentral-Genossenschaftsbank Frankfurt am Main, Platz der Republik, D- 60265 Frankfurt am Main, Þýskalandi; Erste Europäische Pfandbrief- und Kommunalkreditbank Aktiengesellschaft in Luxemburg, Lúxemborg 25, rue Edward Steichen L-2540 Lúxemborg; Eurohypo AG, Helfmann-Park 5, D - 65760 Eschborn, Þýskalandi; HSH Nordbank AG, Copenhagen Branch, Kalvebod Brygge 39-41, DK - 1560 Kaupmannahöfn V, Danmörku; Hypo Alpe-Adria-Bank International AG, Alpen-Adria-Platz 1, A-9020 Klagenfurt am Wörthersee, Austurríki; Landesbank Baden-Württemberg, Am Hauptbahnhof 2, 70173 Stuttgart, Þýskalandi; Landesbank Baden-Württemberg, London branch, 201 Bishopsgate, London EC2M 3UN, Bretlandi; Landesbank Saar, Luxembourg Branch 3, rue Jean Monnet, L-2180 Lúxemborg; National Bank of Egypt (UK) Limited, Trafalgar

House 11, Waterloo Place, London SW1Y 4AU, Bretlandi; Norddeutsche Landesbank Luxembourg S.A., 26, Route d' Arlon, L-1140 Lúxemborg; Oberbank AG, Hauptplatz 11, 4020 Linz, Austurríki; Raiffeisenlandesbank Kaernten Rechenzentrum und Revisionsverband, reg. Gen.m.b.H., Raiffeisenplatz 1, 9020 Klagenfurt, Austurríki; Raiffeisenlandesbank Niederösterreich-Wien AG, Friedrich-Wilhelm-Raiffeisenplatz 1, 1020 Wien, Austurríki; Raiffeisenverband Salzburg reg.Gen.m.b.H., Schwarzstrasse 13-15, 5024 Salzburg, Austurríki; Raiffeisen Zentralbank Österreich Aktiengesellschaft, Am Stadtpark 9, A-1030 Vín, Austurríki; Salzburger Landes-Hypothekenbank Aktiengesellschaft, Residenzplatz 7, 5020 Salzburg, Austurríki; Sparebanken Øst, Bragernes Torg 2, Postboks 54, 3001 Drammen, Noregi; Sumitomo Mitsui Banking Corporation Europe Limited, 99 Queen Victoria Street, London EC4V 4EH, Bretlandi; Zürcher Kantonalbank, P.O. Box, CH - 8010 Zürich, Sviss; á hendur Fjármálaeftirlitinu, Suðurlandsbraut 32, Reykjavík, íslenska ríkinu, Arnarhvoli, Reykjavík og Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf., Ármúla 13a, Reykjavík (SPRON) með stefnu birtri 24. apríl 2009.

Stefnendur gera hver fyrir sig svofelldar dómkröfur gegn stefnda, Fjármálaeftirlitinu:

Að felld verði úr gild með dómi ákvörðun stefnda, Fjármálaeftirlitsins, dagsett 21. mars 2009, um ráðstöfun eigna og skulda SPRON.

Þá gera stefnendur hver fyrir sig svofelldar dómkröfur gegn stefndu, Fjármálaeftirlitinu og íslenska ríkinu, hvorum fyrir sig:

Að viðurkenndur verði réttur stefnenda til skaðabóta úr hendi stefndu, Fjármálaeftirlitsins og íslenska ríkisins, vegna þess tjóns sem ákvörðun stefnda, Fjármálaeftirlitsins, dagsett 21. mars 2009, um ráðstöfun eigna og skulda SPRON, hefur leitt til fyrir stefnendur.

Þá krefjast stefnendur þess hver fyrir sig að stefnda, SPRON, verði gert að þola dóm í málinu.

Þá er krafist málskostnaðar auk virðisaukaskatts.

Stefndu, Fjármálaeftirlitið og íslenska ríkið, krefjast sýknu af öllum kröfum stefnenda og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi, SPRON, krefst þess aðallega að kröfum stefnenda á hendur honum verði vísað frá dómi. Til vara er krafist sýknu af öllum kröfum stefnenda. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnenda að skaðlausu.

Í þessum þætti málsins er krafa stefnda, SPRON, um frávísun málsins, tekin til úrskurðar. Stefnendur krefjast þess að frávísunarkröfu stefnda verði hafnað.

Ágreiningsefni málsins lýtur að því að stefnendur telja sig hafa lánað SPRON fé. Þegar halla tók undan fæti hjá SPRON hafi verið samræður á milli málsaðila um að treysta rekstrargrundvöll SPRON. Þeim samræðum hafi verið slitið og fékk SPRON ekki þann lausafjárstuðning sem óskað var eftir. Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 21. mars 2009 var vald hluthafafundar SPRON tekið yfir og skilanevnd stofnuð. SPRON er nú í slitameðferð og telja stefnendur sig hafa orðið fyrir tjóni.

Frávísunarkrafa stefnda, SPRON, er þeim rökum studd, að kröfur á hendur Fjármálaeftirlitinu og íslenska ríkinu annars vegar og stefnda, SPRON, hins vegar eigi ekki rætur til sama atviks, aðstöðu, eða löggernings og skilyrðum samlagsaðilar skv. 1. tl. 19. gr. eml. sé því ekki fullnægt. Kröfur stefnenda lúta að tvennu. Annars vegar ógildingu stjórnvaldsathafnar og hins vegar viðurkenningu á bótaskyldu. Gagnvart SPRON er ekki gerður greinarmunur í kröfugerð eftir því um hvorn kröfubáttinn er að ræða, en þær kröfur settar fram á hendur SPRON, að félaginu verði gert að þola dóm. Verður framsetningin vart skilin með öðrum hætti en þeim, að SPRON skuli þola dóm skv. báðum þáttum kröfugerðar stefnenda auk þess sem SPRON verði gert að greiða málskostnað.

SPRON var eftirlitsþegi og þolandi þeirra stjórnvaldsákvarðana sem gripið var til gagnvart félaginu og getur ekki að lögum borið ábyrgð á þeim ákvörðunum, ráðstöfunum og stjórnvaldsákvörðunum sem af hálfu yfirvalda var gripið til gegn því á grundvelli þeirra lagaheimilda sem um störf þeirra gilda. Gildir í því efni einu þótt svo hafi verið komið undir lokin að stjórn SPRON hafi talið sig knúna til að óska atbeina yfirvalda.

Því síður getur SPRON borið ábyrgð á þeim brotum á lögum og stjórnarskrá sem öðrum stefndu eru borin á brún og kröfur á hendur SPRON um viðurkenningu á bótaskyldu meðstefndu geta því ekki rakið rætur til sömu atvika, aðstöðu eða löggernings. Raunar hagar því svo til að í stefnu, sem er annars mikil að vöxtum, er ekki einu orði að því vikið hvaða ástæður eigi að leiða til þess að kröfur stefnenda á hendur SPRON verði teknar til greina og gildir það um báða kröfufólina. Þannig að verði ekki fallist á frávísun vegna framsettrar samlagsaðildar varnaraðila, sem stefnda SPRON er óskýlt að hlíta, verður vart hjá því komist að telja málið svo vanreifað á hendur SPRON að til frávísunar hljóti að leiða, sbr. ákvæði e. og f. liða í 1. tl. 80. gr. eml.

Stefndu, Fjármálaeftirlitið og íslenska ríkið, hafa ekki haldið uppi kröfu um frávísun málsins. Hins vegar hafa þeir komið fram með athugasemdir í þá veru að vísa eigi máli þessu frá ex officio. Í fyrirtöku 23. september sl. var aðilum gefinn kostur á að tjá sig um þá galla sem stefndu telja vera á málatilbúnaði stefnenda, sbr. 1. mgr. 101. gr. eml. Jafnframt var málflutningur um kröfu stefnda, SPRON, um frávísun málsins.

Stefnendur kröfðust þess að frávísunarkröfu stefnda, SPRON, yrði hafnað. Krafa þessi var í engu rökstudd af hálfu stefnenda og gefin sú yfirlýsing að

stefnendur myndu ekki gera athugasemdir vegna frávísunarkröfu SPRON, þ.e. ekki tjá sig um hana, þótt þeir hefðu kröfuna uppi. Þessi afstaða stefnenda verður ekki skilin á annan hátt en þann, að stefnendur hafi í raun samþykkt frávísun málsins hvað varðar stefnda, SPRON. Samkvæmt þessu og með því að krafa stefnenda er vanreifuð sem og með vísan til 1. mgr. 19. gr. eml. er málinu vísað frá dómi, að kröfu SPRON.

Í 80. gr. laga um meðferð einkamála eru tilgreind þau atriði sem eiga að vera í stefnu og þau ber að greina svo glögg sem verða má.

Samkvæmt b lið 80. gr. ber að geta nafna fyrirsvarsmanna aðila, stöðu þeirra og heimilis eða dvalarstaðar. Stefnendur eru tuttugu og sjö bankastofnanir og er fyrirsvarsmanna þeirra í engu getið og er það í andstöðu við nefnda lagatilvísun.

Samkvæmt d lið 80. gr. er kveðið á um að kröfugerð stefnenda þurfi að koma fram í stefnu með tilteknum hætti. Stefnendur gera þá kröfu hver fyrir sig, á hendur stefnda, Fjármálaeftirlitinu, að felld verði úr gildi með dómi ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dagsett 21. mars 2009, um ráðstöfun eigna og skulda SPRON og á hendur Fjármálaeftirlitinu og íslenska ríkinu hvorum fyrir sig, að viðurkenndur verði réttur stefnenda til skaðabóta úr hendi stefndu, Fjármálaeftirlitinu og íslenska ríkinu, vegna þess tjóns sem ákvörðun stefnda, Fjármálaeftirlitsins, dagsett 21. mars 2009, um ráðstöfun eigna og skulda SPRON hefur leitt til fyrir stefnendur.

Gagnvart stefnda, Fjármálaeftirlitinu einu, krefjast stefnendur þess að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 21. mars 2009 verði felld úr gildi. Á þetta við um ákvörðunina í heild en ekki þá hluta hennar sem hugsanlega geta haft áhrif á hagsmuni stefnenda. Skortir nánari reifun þessa í stefnu. Krafan er of víðtæk og ekki í samræmi við málsástæður stefnenda.

Skaðabótakröfu sína byggja stefnendur á 2. mgr. 25. gr. eml. Samkvæmt dómaframkvæmd Hæstaréttar er mál um kröfu sem þessa tækt til efnisdóms, ef afmarkað er nægilega hver þau atvik séu, sem geti leitt af sér kröfu um skaðabætur þeim til handa er málið höfðar og í hverju tjón hans geti verið fólgið, sbr. meðal annars dóma Hæstaréttar í málunum nr. 2/2009 og 182/2005. Fyrri skilyrðinu er fullnægt með því að tilgreind er ákvörðun Fjármálaeftirlitsins hinn 21. mars 2009 um ráðstöfun eigna og skulda SPRON. Aftur á móti hafa stefnendur í málalíbúnaði sínum ekki gert grein fyrir því í hverju tjón þeirra er fólgið, heldur telji það augljóst. Hér er því um vanreifun að ræða.

Þá hafa stefnendur ekki sýnt fram á að þeir eigi lögvarða hagsmuni í málinu. Samkvæmt gögnum málsins er ekkert samningssamband á milli stefnenda og stefndu, Fjármálaeftirlitsins og íslenska ríkisins. Stefnendur eru ekki aðilar að þeirri ákvörðun sem þeir krefjast að felld verði úr gildi. Þá hefur ekki verið gerð grein fyrir þeirri þýðingu sem það hefði fyrir stefnendur ef krafa um ógildinu ákvörðunarinnar yrði tekin til greina. Stefnendur verða að gera fullnægjandi grein fyrir þeim lögvörðu hagsmunum sem þeir telja sig eiga í málinu. Það hafa þeir ekki gert og er því um vanreifun að ræða.

Samkvæmt e lið 80. gr. eml. verður málalíbúnaðurinn að vera skýr og glöggur svo ekki fari á milli mála hvert sakarefnið sé. Stefnendur eru tuttugu og sjö. Á dskj. 3 er listi yfir mun fleiri kröfuhafa SPRON. Þeir eru þó ekki aðilar að málinu. Ekkert er

að þessu vikið í stefnu og skortir því á skýrleika málsins. Þá hafa lánasamningar ekki verið lagðir fram í málinu en ætla má að um grundvallarskjöl sé að ræða.

Með stefnu var lagður fram fjöldinn allur af skjölum á ensku, án íslenskrar þýðingar, þ.e. dskj. 3, 5, 7, 9, 10, 12, 13, 14, 17, 18, 21, 25, 33, 35, 36, 37, 38 og 39. Með þessum fjölda dómskjala er freklega brotið gegn 1. mgr. 10. gr. eml., þ.e. að þingmálið sé íslenska. Skapar þessi framlagning einnig ójafnræði með aðilum og getur torvelað eðlilegar varnir í málinu. Allt þetta gerir það að verkum að málatilbúnaður stefnanda er hvorki skýr né glöggur og í andstöðu við e lið 80. gr. eml.

Samkvæmt 1. mgr. 16. gr. eml. er aðili að dómsmáli hver sá er getur átt réttindi eða borið skyldur að landslögum. Einungis liggur fyrir nafn og heimili stefnanda, en í engu er gerð grein fyrir stefnendum að öðru leyti. Hér er um erlenda aðila að ræða sem nauðsyn ber til að gera frekari grein fyrir. Því er vanreifað af hálfu stefnanda að þeir uppfylli skilyrði 16. gr. eml.

Þegar á allt framangreint er litið verður ekki hjá því komið að vísa frá máli þessu á hendur Fjármálaeftirlitinu og íslenska ríkinu, án kröfu.

Með vísan til 2. mgr. 130. gr. eml. ber stefnendum að greiða stefndu málskostnað svo sem greinir í dómsorði.

Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

ÚRSKURÐARORÐ

Málinu er vísað frá dómi.

Stefnendur greiði stefndu hverjum um sig 500.000 kr. í málskostnað.

Sigrún Guðmundsdóttir.